

# Peningaþvætti í ljósi starfsskilyrða lífeyrissjóða

Logi Kjartansson cand. juris

# Viðfangsefni námsskeiðsins

- Megináherslan lýtur að því að upplýsa um peningaþvætti og þá ekki síst:
- Hvaða hegðun manns telst peningaþvætti
- Hvatar og forsendur þvættis
- Afleiðingar peningaþvættis í heildrænu samhengi
- Einkenni og vísbendingar um peningaþvætti með tilliti til hinnar þrjúþættu starfsemi lífeyrissjóða:
- Samtryggingarsjóður – séreign - fasteignalán
- Hvenær telst fyrir hendi grunur um að viðskipti megi rekja til peningaþvættis?

# Viðfangsefni námsskeiðsins

- Hlutverk og skyldur ábyrgðarmanna
- Aðdragandi og ákvörðun um tilkynningar
- Forvarnarforsendur og reglur laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006 (hér eftir PPL)
- Önnur hagnýt og upplýsandi atriði sem leiða má af reglum PPL og skipta máli fyrir þá starfsmenn sem koma að málum

# Um efni námsskeiðsins og heimildir

- Við leggjum aðallega til grundvallar *leiðbeiningareglur* fyrir lífeyrissjóði um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem hafa verið birtar á heimasíðu LL (hér eftir LBR)
- Þær reglur byggja á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006
- Því fyllum við í viðmiðunarreglurnar með þeim lögum eftir því sem við getur átt
- Víkjum einnig lítillega að lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008
- Ákvæði 264. gr. HGL (hin eiginlega refsheimild) skipta líka máli og vikið að 100. gr. b. HGL (hryðjuverkaákvæði

# Inngangur – almennt um eftirlit með löghlýðni borgara

- Öllu opinberu eftirliti er alla jafna komið á fót í þeim megintilgangi að fyrirbyggja tjón og afstýra hættu vegna þeirra hagsmuna sem viðkomandi löggjöf er ætlað að vernda
- Með öðrum orðum þá er ekki nægilegt að skapa skilyrði velferðar og öryggis manna með lögum...
- ...heldur sýnir reynsla að það þarf yfirleitt líka að vera fyrir hendi opinbert eftirlit og heimildir til nauðsynlegra úrræða ef út af bregður

# Inngangur – almennt um eftirlit með löghlýðni borgara

- Meginreglan sú að eftirlit með almennri löghlýðni í samfélaginu er í höndum lögreglu sbr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 (hér eftir LRL)
- Önnur stjórnvöld ríkisins annast síðan eftirlit á tilteknum afmörkuðum athafnasviðum mannlífsins
- Flóknari og sérhæfðari athafnasvið sem leiða síðan til kröfu um sérstakar eftirlitsstofnana
- Sbr. svo sem skattayfirvöld, Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirlit, Neytendastofa o.fl.
- Það fyrirkomulag PPL að leggja eftirlit með löghlýðni viðskiptamanna í hendur annarra en stofnana ríkisins því undantekning frá framangreindum meginreglum

# Inngangur – almennt um eftirlit með löghlýðni borgara

- Tilkynningarskyldum aðilum eftir PPL því með lögum fengið tiltekið löggæsluhlutverk
- LBR sem fyrr segir settar til þess að skýra og fylla í þetta hlutverk í ljósi starfsskilyrða lífeyrissjóða og starfsmanna þar
- Verkskipulag og starfsáherslur samkvæmt viðmiðum hjá sérhverjum sjóði móta svo starfshætti enn nánar

# Um eftirlit ríkisvaldsins með almennri löghlýðni í samfélaginu

- Til að skilja betur eðli eftirlitsstarfsins eins og regluvörslu er nærtækt að varpa ljósi á kjarnaþáttinn í hlutverki lögreglu:
- *Að fyrirbyggja eða afstýra hættu vegna mikilvægra verndarhagsmuna sbr. 1. gr. LRL*
- Líf, heilsa, frelsi, friðhelgi og eignir manna á meðal mikilvægustu verndarhagsmuna
- Þar með teljast forvarnir vegna afbrota sem og það að þau verði stöðvuð og upplýst
- Öryggi borgara og almenn velferð augljóslega samofin þessum hlutverkaskjarna



# Um eftirlit ríkisvalds með almennri löghlýðni manna

- Öryggi og velferð jafnframt samofin meginmarkmiði 2. gr. LBR og 1. gr. PPL um að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Enda telst peningabætti alvarlegt afbrot auk þess sem eitthvað annað afbrot býr ávallt að baki (peningabætti er því ekki sjálfstætt afbrot - sbr. nánar á eftir)

# Um sjónarmið og hagsmuni sem togast á vegna aðgerða samkvæmt PPL

- Hér má fyrst líta til fjórfrelsisreglna EES-réttarins:
- Á meðal verndarhagsmuna þeirra er *frjáls för fjármagns* (fólk, fjármagn, vörur og þjónusta)
- Þá við höfum einnig löggjöf sem vernda *persónulegar upplýsingar og fjárhagsleg málefni* einstaklinga
- Einnig má vekja athygli á hugsanlegri hættu á að eftirlitskerfi fjármálafyrirtækja og lögreglu samkvæmt PPL þenjst út í að verða nokkurs konar „Stóri-bróðir“ í viðskipta- og fjármálalífi
- Framangreind sjónarmið togast síðan á við *samfélagslegt mikilvægi* þess að koma í veg fyrir peningabætti og þá um leið afhjúpa þá brotastarfsemi sem þar býr að baki

# Um sjónarmið og hagsmuni sem togast á í ljósi ákvæða og heimilda PPL

- Almennt og heildrænt á litið mikilvægt að þræða ákveðinn meðalveg á milli framangreindra sjónarmiða og verndarhagsmuna
- Eftirlit og viðbrögð m.a. ábyrgðarmanna fjármálafyrirtækja mikilvægur þáttur í því
- Rétt eins og lögregla er lykileining í að varða meðalveg og viðhalda jafnvægi milli skilvirkni í því að afbrot séu stöðvuð og upplýst annars vegar...
- ..og hins vegar mannréttinda og hagsmuna þeirra einstaklinga sem aðgerðir beinast að eða bitna á

# Um megingilgang eftirlits

- Eins og PPL eru LBR eins konar fornarvarnareglur í víðu samhengi – hugtakið forvörn:
- *Að hindra eða koma í veg fyrir að eitthvað óæskilegt eigi sér stað eða ná fram að ganga (hér þvætti)*
- Hvaða meginhagsmuni er PPL ætlað að vernda?
- Í hinu heildstæða samhengi *almenna velferð og öryggi manna* í samfélaginu sbr. 1. gr. PPL
- Með úrræðum laganna sem ætlað er að koma í veg fyrir eða stöðva og upplýsa um peningþvætti

# Um skyldur og heimildir starfsmanna

- Í megindráttum má greina hlutverk ábyrgðamanna í tvennt:
- Eiginleg *forvarnarstörf* annars vegar og beinar *viðbragðsathafnir* hins vegar
- Til *eiginlegra forvarnarstarfa* heyra einkum:
- Áreiðanleikakannanir
- Áhættumat (samkvæmt sérstökum staðfestum reglum)
- Reglubundið eftirlit
- Setning innri reglna um m.a. reglubundið eftirlit með viðskiptamönnum

# Um skyldur og heimildir starfsmanna

- Samkvæmt PPL og LBR er skylt að tilnefna ábyrgðarmann hjá sérhverjum lífeyrissjóði
- Ábyrgðarmaður hefur hlutverk og skyldur nokkurs konar verkstjóra og yfirmanns í sambandi við skipulag og ráðstafanir sem leiðir af PPL og VMR
- Skylt að tilkynna tilnefningu ábyrgðarmanns til lögreglu þ.e. peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra

# Um skyldur og heimildir starfsmanna

- Þær *viðbragðsathafnir* sem ábyrgðarmönnum og eftir atvikum öðrum starfsmönnum getur verið rétt og skylt að viðhafa eru einkum:
- *Nánari athugun* tiltekinna viðskipta og viðskiptamanns vegna vísbendinga um hugsanlegt peningþvætti þar og þá
- *Tilkynning til lögreglu* um mögulegt þvætti
- *Skylda til að forðast viðskipti* þegar grunur leikur á þau megi rekja til þvættis og þá mögulega...
- ...skylda til að *stöðva viðskipti* í samræmi við þar að lútandi beiðni lögreglu sbr. 19. gr. PPL

# Af hverju eru lífeyrissjóðir gerðir að tilkynningarskyldum aðila?

- Bakgrunnur peningabættis ávallt eitthvað annað afbrot
- Þar með yfirleitt e.k. skerðing á grundvallarmannréttindum og þá þroskamöguleikum og athafnafrelsi eintaklinga eða ógn við almenna velferð og öryggi í samfélaginu
- Peningabætti fer iðulega fram í skjóli þeirra lögmætu leiða sem í boði eru á fjármálamarkaði í víðu samhengi þess orðs
- Lífeyrissjóðir nú á dögum nokkuð stór hluti þess umhverfis
- Ef lífeyrissjóðir ekki tilkynningarskyldir þá glufa í kerfinu
- Því varla í samræmi við megintilgang PPL að undanskilja þá
- Á sér einnig fyrirmyndir á Norðurlöndum



# Af hverju eru lífeyrissjóðir gerðir að tilkynningarskyldum aðila?

- Varðandi lífeyrissjóði og starfsemi þeirra hefur þó víða verið litið svo á að hætta á peningaþvætti sé tiltölulega takmörkuð og þannig lítil..
- ...miðað við aðrar fjármálastofnanir eða fjármagnssjóði (Sbr. einkum Sara L: Forsikring og Pension i lyset af hvidvask. DK 2012).
- Í samræmi við það hefur gildi meðalhófssjónarmiða og hlutlægni við eftirlit og aðra regluvörslu í sambandi við peningaþvætti sérstaklega verið áréttað
- Hvað þýðir það? Um meðalhóf og hlutlægni
- Hlutlægni vísar ekki síst til réttmætis aðgerðar og þannig að hún *stefni að* lögmætu markmiði

# Örstutt um hlutlægni og meðalhóf

- Meginmarkmiðið er ávallt að fyrirbyggja peningabætti
- Síðan má ætla að sérgreindari markmið eins og að kanna áreiðanleika eða skoða fyrirhuguð viðskipti nánar í því skyni hvort tilkynna skuli lögreglu þjóni jafnan þessu meginmarkmiði
- Meðalhófssjónarmið:
- A) Þegar unnið er að þessum markmiðum verður ákvörðun eða aðgerð að teljast *nauðsynleg* og..
- ...B) *hófstillt* þannig að hún reynist í *eðlilegu hlutfalli* við það markmið sem að er stefnt (ekki yfirdrifið)

# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Fyrst rétt að draga fram að viðskipti manna eru í mun fleiri tilfellum en færri lögmæt og eðlileg
- Fjöldi mála sem endað hafa með ákæru síðustu árin rennir greinilega stoðum undir þá ályktun
- Fjöldi tilkynninga frá lífeyrissjóðum til lögreglu endurspeglar þetta vafalítið enn betur
- Rétt tæplega 500 tilkynningar síðasta ár frá öllum tilkynningarskyldum aðilum
- Það sem máli skiptir er að vera vakandi vegna *raunverulegra vísbendinga um peningabætti* í ljósi eðlis starfsemi sérhvers tilkynningaraðila

# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Til að skilja betur hlutverk og viðfangsefni regluvarða lífeyrissjóða samkvæmt VMR...
- ...er ágætt að bregða fyrst birtu á hvaða *hegðun manns* getur talist peningabætti
- Verknaðarlýsing 264. gr. HGL varpar ljósi á það
- Sbr. einnig verknaðarlýsing 4. gr. LBR
- Í stytta og samanþjöppuðu máli:

# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Hvers konar viðtaka eða meðhöndlun ávinnings sem fenginn er með afbroti að uppfylltum refsiskilyrðum
- Ávinningur: Hvers konar eignir eða hagnaður sem fenginn er með afbroti
- Hvaða refsiskilyrði?
- Fyrir utan að fyrirliggjandi tilvik samræmist verknaðarlýsingu 264. gr. HGL eru það...
- ..annars vegar *ásetningur eða gáleysi* og hins vegar að ekki sé fyrir hendi *réttlætingarástæða*
- Grunnskilyrði refsiaðbyrgðar: *Refsinæmi – ólögætti – saknæmi* (fyrir utan 15 ára aldur og geðrænt sakhæfi)

# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Ljóst að peningabætti er ekki sjálfstætt afbrot sbr. orðalag 264. gr. HGL:
- Að baki peningabætti býr því ávallt annað afbrot
- Peningabætti er í raun sérstakt hlutdeildarbrot:
- Nánar greint *eftirfarandi þátttaka* í öðru afbroti sem búið er að fremja og felst í:
- Viðtöku, varðveislu eða annarri meðferð þess ávinnings eða hagnaðar sem þannig hefur fengist

# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Hinir brotlegu leitast iðulega við að færa illa fengið fé í löglegt umhverfi eða farveg og hylja þar með uppruna þess og slóð
- Fáein dæmi um tegundir afbrota sem legið geta að baki peningabætti
- Handrukkun og þá líkamsárás sbr. 217. eða 218. gr. HGL sem greitt er fyrir og menn koma síðan t.d. á bankareikninga
- Fjársvik sbr. t.d. Héraðsdómur Reykjaness í máli nr **S – 211/2012** (Íbúðalánasjóður):

# Dómur um peningaþvætti í ÍBLS-máli

- A sendi frá bókasafni í Hafnarfirði rafræna óundirritaða umsókn um íbúðarlán til ÍBLS ásamt fölsuðum kautilboðum í fasteign
- Lánsúmsókn hljómaði um tæpar 20 m.kr.
- Fékk það greitt inn á reikning og millifærði síðan til tveggja annarra félaga sinna hluta upphæðarinnar
- Þeir voru sakfelldir fyrir peningaþvætti
- Frumbrotið eða það brot sem lá að baki þvættinu var skjalafals af hálfu A sbr. 155. gr. HGL en viðtaka og varðveisla fjármagnsins sem þannig fékkst var því réttilega dæmt sem peningaþvætti hjá og B og C



# Hvaða hegðun manns telst peningabætti?

- Ágóði af sölu eða innflutningi fíkniefna
- Brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti (t.d. innherjasvik)
- Refsivert brot gegn hlutafélagalögum - t.d. ólögmætar lánveitingar og tilfæringar fjármuna sem þannig fást
- Höfuðmarkmið hinna brotlegu síðan það að reyna að koma slíku illa fengnu fé í löglegt umhverfi og hylja þannig ólögmætan uppruna þess

# Um forvarnarráðstafanir samkvæmt LBR og PPL almennt

- Fjöllum fyrst og fremst um áreiðanleikakannanir, eftirlit og tilkynningarskyldu starfsmanna til lögreglu
- Aðgerðir eða ráðstafanir samkvæmt LBR og PPL eru ekki markmið í sjálfu sér
- Fyrst og fremst um að ræða lögákveðnar leiðir að því meginmarkmiði að fyrirbyggja eða stöðva peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka
- Höldum til haga meginþáttunum þremur; samtrygging – séreign – lánastarfsemi

# Um áreiðanleikakönnun

- Tilvik þar sem skylt er að kanna áreiðanleik viðskiptamanna
- Um hugtakið viðskiptamaður
- A) Upphaf viðvarandi samningssambands
- Ávallt áður en lífeyrissjóður samþykkir að veita fasteignalán, gera séreignasamning eða taka við iðgjöldum frá tilteknum launagreiðanda
- B) Einstök viðskipti þegar fjárhæð nemur 15.000. evrum eða meira hvort sem þau fara fram í einni færslu eða er skipt í fleiri
- Það er viðskipti sem nema þeirri upphæð eða meira – skiptir þannig séð ekki máli hvaða tegund viðskipta á í hlut (lán – séreign – samtrygging)

# Um áreiðanleikakönnun

- C) Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1000 evrur eða meira
- D) Þegar grunur leikur á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka
- E) Þegar vafi leikur á hvort upplýsingar séu réttar eða nægilegar

# Um áreiðanleikakönnun

- **Áreiðanleikakönnun** vísar til tiltekinnar bakgrunnsskoðunar sem og könnunar viðskiptamanns og viðskipta þar og þá
- *Markmiðið* sem fyrr segir að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- *Leiðin* er könnun á áreiðanleika með því að *afla upplýsinga* um til að mynda viðskiptasögu eða tilgang viðskipta

# Áreiðanleikakönnun einstaklinga

- Samkvæmt PPL og LBR er greint á milli áreiðanleikakönnunar einstaklings annars vegar og lögaðila hins vegar
- *Einstaklingur*: Framvísun gildra persónuskilríkja eins og ökuskírteini, vegabréf, nafnskírteini eða rafræn skilríki
- Það er viðskiptamanns að sanna á sér deili með framangreindum gögnum
- Ábyrgð á framkvæmd ÁK þó ábyrgðarmanns

# Áreiðanleikakönnun einstaklinga

- Þá ber að afla upplýsinga um *tilgang viðskipta*
- Hinn tilkynningarskyldi verður að vera viss um að viðskiptamaður sé sá sem hann segist vera
- Það er í raun kjarni áreiðanleikakönnunar
- ásamt því að ekki leiki vafi á raunverulegum megintilgangi viðskipta eða viðskiptasambands
- Staðreyna ber hvort tveggja eftir lögmætum og nauðsynlegum leiðum eða úrræðum

# Áreiðanleikakönnun einstaklinga

- Heimilt að fresta áreiðanleikakönnun þegar lítil hættu er talin á peningaþvætti sbr. 10. gr. VMR
- Ætla má að hættu samkvæmt því þurfi að vera almennt að teljast hverfandi samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum
- Ef hins vegar skilyrðum áreiðanleikakönnunar er ekki fullnægt er óheimilt að að framkvæma viðskipti og stofna til samningssambands
- Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands skal endi á það bundinn þá þegar
- Þá skal einnig kanna sérstaklega hvort ástæða sé til að senda lögreglu tilkynningu



# Áreiðanleikakönnun – sérstaklega varðandi lögaðila

- Þegar áreiðanleiki lögaðila er kannaður eru það eftirfarandi gögn sem könnun lýtur að:
- Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra
- Raunverulegum fyrirvarsmanni eða framkvæmdastjóra
- Raunverulegir stjórnarmenn – þ.e. þeir sem í raun og veru stjórna viðskiptum, viðskiptamanni eða lögaðila eða eiga starfsemi í raun og veru (sbr. 3. gr. PPL og 4. gr. LBR)
- Staðreyna þarf hver er raunverulegur eigandi lögaðilans
- Tilgangur viðskipta og ársreikningur síðasta árs ellegar stofnreikningur
- Fyrirvarsmenn lögaðila þurfa jafnframt að sýna að þeir séu réttilega að prókúru (skuldbindingarumboði) komnir

# Áreiðanleikakönnun varðandi lögaðila

- Markmiðið eins og endranær að ganga úr skugga um hver hinn raunverulegi eigandi er, starfsemi og þær forsendur sem búa að baki viðskiptum
- Mikilvægt að hinn tilkynningarskyldi aðili sé að lokinni áreiðanleikakönnun viss um þessi atriði þannig að markmiði hennar verði náð

# Áreiðanleikakönnun – sérstaklega varðandi viðskipti fyrir þriðja mann

- Hugtakið þriðji maður samkvæmt PPL
- Sá aðili sem formlega stendur utan þess samningssambands eða viðskipta sem fyrirhugað er að koma á eða fyrir hendi er milli tilkynningarskylds aðila og viðskiptamanns
- Þá er vísað til að viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti fari fram í þágu slíks þriðja manns
- Þá skal afla nægilegra upplýsinga um nafn, kennitölu og heimilisfangs þess þriðja manns sem og ástæðu þess að viðskipti eru þannig vaxin

# Um einfaldaða áreiðanleikakönnun

- Ákvæði um hana í 7. gr. LBR og 15. gr. PPL
- Sérstaða (og hagræði) lífeyrissjóða markast ekki síst vegna einfaldaðra áreiðanleikakannana
- Samtrygging – séreign – lánveiting:
- Í öllum þeim tilvikum virðist yfirleitt *heimilt* að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun varðandi viðskiptamann hjá flestum lífeyrissjóðum
- Það er vegna 1. tl. 1. mgr. 15. gr. PPL
- Hvað felst í einfaldaðri áreiðanleikakönnun?

# Einfölduð áreiðanleikakönnun

- Þá er heimilt að takmarka athuganir við skráningu nafns, kennitölu og heimilisfangs þess einstaklings eða lögaðila sem um ræðir
- Hlutaðeigandi viðskiptamaður þarf þá ekki að sanna á sér deili með framlagningu vottorða eða annarra viðurkenndra skilríkja
- Það skal þó ávallt leitast við að staðreyna að það sem skráð er sé rétt

# Einfölduð áreiðanleikakönnun

- Einfölduð áreiðanleikakönnun virðist yfirleitt heimil vegna viðskiptamanna lífeyrissjóða
- Það er sem fyrr segir í ljósi 1. tl. 1. mgr. 15. gr. PPL
- Þar er heimilað að beita einfaldaðri könnun „þegar staðfest er að greiðsla vegna viðskipta verði færð til skuldar á reikning í fjármálafyriræki“
- Banki annað hvort hefur milligöngu um greiðslu til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóður greiðir út t.d. lánaða fjárhæð á bankareikning viðskiptamanns

# Einfölduð áreiðanleikakönnun

- Þrátt fyrir að heimilt sé að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun er...
- ...ákveðin varúðarskylda sem fylgja ber vegna eðlis einföldunarinnar og mögulegra hættu á yfirsjónum eða leynd atriða sem vísað geta til peningabættis:
- Ef grunur leikur á viðskipti séu í raun og veru framkvæmd fyrir annan aðila en viðskiptamann
- Ef grunur leikur á að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða
- Ef vafi leikur á hvort upplýsingar séu réttar
- Ef svo háttar til er rækilegri könnun yfirleitt nauðsynleg

# Um eftirlit og tilkynningarskyldu

- Förum þá frá áreiðanleikakönnun að *eftirliti og tilkynningarskyldu* til lögreglu
- Hér um að ræða annars vegar viðvarandi eftirlit með samningssamböndum...
- ... og hins vegar viðbrögð vegna grunsamlegra eða torkennilegra vísbendinga vegna tiltekinna viðskipta *þar og þá* stundina
- Eftirlit og viðbrögð þó samofið þar sem slíkar vísbendingar birtast iðulega við eftirlit



# Hvað raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Til að móta inngang að þeirri athugun má vísa til orða eins og *óvenjulegt, óeðlilegt, afbrigðilegt*
- (Munum svo samhengið *ávinningur af öðru afbroti*)
- Þessi orð hafa skírskotun til frávika eða undantekninga af einhverjum toga
- Samandregið er um að ræða eitthvað sem vísir frá því er telja má tíðkanlegt eða eðlilegt
- Í 17. gr. PPL og 16. gr. LBR er ákvæði þar sem sambærileg viðmið birtast en 17. gr. er svohljóðandi:
- „Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja meg til peningabættis....

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti

- ...eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin fyrir hendi.
- Síðan segir: ....„gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin...“
- ....„með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamanns eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang“
- Aðalatriðið að eitthvað sem hönd er á festandi sé fram komið í gögnum eða upplýsingum máls og bendi til að um þvætti geti verið að ræða

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Skoðum þá framangreind meginatriði í ljósi þeirrar þrjúþættu starfsemi lífeyrissjóða sem tilgreind var áður og leiðir af lögum
- Samtrygging – séreign – lánastarfsemi
- 1) **Samtrygging:** Lögmælt og skyldubundin iðgjöld sem launagreiðanda ber að skila
- Í fljótu bragði ekki mörg tilvik sem virðast koma til álita sem peningabætti þar

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Þó ekki með öllu útilokað
- Dæmi: Fyrirtæki í löglegum búningi ehf. – svo sem sólbaðsstofa eða varahlutaverslun sem launa- og iðgjaldsgreiðandi
- Stolnir hlutir á boðstólum eða starfsemi á borð við handrukkannir gætu þó verið meginstarfsemin í raun og veru og þá tekjuöflunarleið og launagrunnur að meira eða minna leyti
- Vandinn er sá að slíkt væri yfirleitt erfitt að greina fyrir þann sem veitir iðgjaldi viðtöku

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningapvætti?

- Þó ljóst að ýmislegt getur mátt taka með í reikninginn – svo sem mikla yfirvinnu eða álagsgreiðslur af einhverjum toga
- Ef hins vegar iðgjöld eru augljóslega úr hlutfalli við starfsemi og stöðu með tilliti mögulegra aukagreiðslna...
- ...gætu rauðu ljósin farið að kvikna og tilkynningarskylda eftir 16. gr. LBR virkjast

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningaþvætti?

- Þá er ekki útilokað að greiðslur séu að berast frá launagreiðanda sem er með starfsemi sína í svonefndu „skúffufyrirtæki“
- Það getur verið ein leið til þvættis almennt séð
- Hvað varðar slík fyrirtæki þá er skatturinn þó yfirleitt helsti eftirlitsaðili
- Sbr. og regluvarsla og eftirlit innan bankanna
- A.m.k. í fyrstu atrennu

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningaþvætti?

- Ef við víkjum að starfsemi *séreignarsjóða* þá er þar um að ræða leið sem getur ef til vill verið meira freistandi en samtryggingarkerfið
- Ástæðan ekki síst sú að séreign er nú á dögum almennt hægt að taka út óháð ávöxtunar- eða binditíma
- Tekjuskatturinn þó vafalítið fráfælandi en leiðin sem slík gæti orkað meira freistandi t.d. vegna þess hversu ólíkleg hún ef til vill þykir í því markmiði að þvætta fé
- Ef til að mynda óeðlilega háar greiðslur fara að berast með tilliti til stöðu og upplýsinga um viðkomandi sjóðsþega og launagreiðanda

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Óeðilega háar séreignargreiðslur *geta* vísað til óeðilega hárra launagreiðslna
- Að því gefnu að slíkt sé augljóslega óeðlilegt með tilliti til starfs og stöðu launþega getur verið ástæða til að gefa slíku tilviki nánari gaum
- Hvað varðar úttekt séreignargreiðslu þá er ljóst að slíkt virðist þekkjast talsvert nú á dögum
- Ekki eins auðvelt að glöggva sig á því hvað býr þar að baki eins og efnahagsástand er í dag



# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Hvað varðar fasteignalánastarfsemi þá má líta til tveggja meginþátta
- Það er annars vegar lánsbeiðnin sem slík og hins vegar uppgreiðsla
- Forsendur lánabeiðni geta mögulega tengst peningabætti
- Raunhæfasta dæmi væri einkum þegar lán er tekið til kaupa á fasteign sem áður hefur verið fengin fyrir illa fengið fé – þ.e. ávinning af t.d. fjársvikum eða fíkniefnainnflutningi
- Sbr. fyrrgreindur dómur um ÍBLS varðandi fjársvik

# Hvað raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningaþvætti?

- Þá eru það sjaldnast gögn sem varða lántaka (kaupanda) sem veita vísbendingu um mögulegt þvætti
- Hins vegar gæti slíkt hugsanlega komið fram í veðbókarvottorðum – t.d. 200. m. kr. fasteign án nokkurra áhvílandi veðbanda eða slík eign skráð á mann sem er skráður virkur bótaþegi
- Það eitt að fasteign er án veðbanda þarf þó vitanlega ekki endilega að vísa til peningaþvættis
- Ásamt fleiri torkennilegum atriðum gæti það þó verið – svo sem ef skráður eigandi væri þekktur foringi H.A. eða þá mögulega þess háttar samtök sem slík

# Hvaða raunverulegu atriði geta veitt vísbendingu um peningabætti?

- Varðandi *uppgreiðslu* fasteignalána má síðan nefna dæmi:
- Lán er fengið til 20 ára en uppgreiðsla höfuðstóls er skyndilega og óvænt tilkynnt eftir 2 ár án þess að nokkrar skýringar liggi fyrir um uppruna fjármagns
- Framkomin gögn og upplýsingar um viðskiptamann varpa heldur ekki ljósi þar á
- Slíkar uppgreiðslur geta þó vitanlega verið arfur, happdrættisvinningur eða annað löglega fengið fjármagn
- Ef hins vegar ekkert bendir til þess að svo sé og greiðandi gerir sér far um að leyna uppruna peninganna eða gefur greinilega ótrúverðugar skýringar kunna ljós að blikka

# Um tilkynningarskyldu

- Samkvæmt 15. gr. LBR, sbr. 18. gr. PPL, skal forðast viðskipti þegar grunur leikur á viðskipti megi rekja til peningabættis
- Þegar svo stendur á skal einnig tilkynna um viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti til lögreglu
- Ef ekki er gerlegt eða framkvæmanlegt að hindra framgang slíkra viðskipta skal lögreglu tilkynnt um þau um leið og þau hafa farið fram

# Um tilkynningarskyldu

- Hvenær álíta má að viðskipti og atvik séu með þeim hætti að fullnægi grunsemdakröfu VMR
- Aðalatriðið að eitthvað sem *hönd er á festandi* sé fram komið eða fyrirliggjandi um að viðskipti megi rekja til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka
- Hreinar ágiskanir eða losarlegar getgátur því alla jafna ekki nægilegar

# Um tilkynningarskyldu

- Til að mynda eingöngu skyndileg og óvænt uppgreiðsla
- Þarf yfirleitt að styðjast við frekari atriði eins og að viðskiptamaður vill ekki upplýsa um uppruna fjármagns þrátt fyrir fyrirspurn...
- ...eða fjármagn er reitt fram án aðkomu banka eða jafnvel í handbæru
- Það er ekki skilyrði að meiri líkur en minni á þvætti þurfi að vera fyrir hendi svo að tilkynningarskylda eftir 15. og 16. gr. LBR

# Um tilkynningarskyldu

- Dæmi um grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti eru tilgreind í 16. gr. LBR (ekki tæmandi):
- 1) Þegar viðskiptamaður sannar ekki á sér deili með fullnægjandi hætti
- Er til að mynda óþekktur hjá sjóðnum og leggur ekki fram skilríki til að eyða vafa
- 2) Viðskiptamaður gefur upplýsingar sem stangast á við fyrirliggjandi gögn eða upplýsingar
- Viðskiptamaður segist t.d. hafa fengið arf og er beðinn um gögn því til staðfestingar en það tekst ekki og engar afsökunarástæður eru greinanlegar í því sambandi

# Um tilkynningarskyldu

- 3) Ef um háar fjárhæðir er að ræða sem greitt er fyrir með reiðufé (sbr. dæmið um þann sem kemur með peninga í skjalatösku)
- 4) Ef ætla má að viðskipti fari fram í þágu þriðja manns og viðskiptamaður neitar að veita upplýsingar um þriðja mann
- Tilvik samkvæmt 16. gr. LBR ekki tæmandi talin sem fyrr greinir



# Um viðbrögð vegna gruns um þvætti

- Aðalatriði að eitthvað sem *hönd er á festandi* sé fyrirbyggjandi og bendi til þess að um *peningaþvætti **geti*** verið að tefla
- Þarf því þá heldur ekki ótvírætt og óbyggjandi að vísa til peningaþvættis heldur...
- ...að fyrirbyggjandi gögn beri með sér raunhæfan möguleika á peningaþvætti
- Þau meginþrep sem fólgin eru í mati ábyrgðarmanns um hvort raunhæfur möguleiki á peningaþvætti sé fyrir hendi má greina í þrennt:

# Um tilkynningarskyldu

- 1) Afla nauðsynlegra upplýsinga um hlutaðeigandi viðskiptamann sem og fyrirhuguð viðskipti
- Öll gögn og upplýsingar sem lögmætt og nauðsynlegt er að skoða geta skipt máli í heildarmatinu
- Ekki síst viðskiptasaga, viðskiptatengsl og það sem fyrir liggur um eigna- og tekjustöðu viðskiptamanns sem og þær færslur sem fylgja hverju sinni
- 2) Könnun á áreiðanleika fyrirliggjandi gagna sem notuð eru við matið (staðreyna upplýsingar)
- Gæti t.d. verið um að ræða gögn sem bera með sér úrehtar upplýsingar eða vísbendingar miðað við persónulega hagi viðskiptamanns þar og þá

# Um tilkynningarskyldu

- 3) Leggja *sjálfstætt* mat á fyrirliggjandi gögn og upplýsingar – eitt af kjarnaatriðum í hinu lögbundna hlutverki regluvarða
- Matið er ekki endilega einfalt eða auðvelt – misjafnt eftir eðli og atvikum hverju sinni
- Það sem getur þó m.a. hjálpað talsvert til við matið er tiltekin aðferð sem byggir á frekari greiningu og flokkun gagna og upplýsinga

# Um tilkynningarskyldu

- Í þessu þriðja þrepi getur þannig verið til auðveldunar og einföldunar í vissum tilfellum a.m.k. að greina gögn og upplýsingar í eftirfarandi þrjá meginflokka:
  - *Aðalgögn – mótlæg gögn – stoðgögn*
  - *Aðalgagn* getur bæði vísað til þess að um þvætti kunni að vera eða ekki
  - *Mótlægt gagn* getur hlutleyst, vegið upp á móti eða jafnvel alveg slegið aðalgagn frá
  - *Stoðgagn eða hjálpargagn* getur ýmist hrakið eða stutt aðalgagn eða mótlægt gagn

# Um tilkynningarskyldu

- Líkindi fyrir þvætti má yfirleitt leiða í ljós eftir að samanburður og mat gagna hefur farið fram
- Til skýringar má taka eftirfarandi dæmi:
- Viðskiptamaður sendir yfirlýsingu um að hann ætli að greiða upp höfuðstól 20 ára fasteignaláns þar sem aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir frá lánveitingu: *Óvenjuleg* viðskipti - *aðalgagn*
- Af fyrirliggjandi gögnum ljóst að hvorki tekjur né eignastaða eða önnur tengsl viðskiptamanns geta myndað fjármagnið: *Óeðlileg* atvik - *aðalgagn*

# Um tilkynningarskyldu

- Upplýsingar berast frá viðskiptabanka viðskiptamanns um að fjármagnið sé gjafagerningur aldraðs föður: *mótlægt gagn* sem hrekur eða hlutleysir *aðalgagn*
- Framlagt millifærslufirlit viðskiptabanka staðfestir einnig að svo sé: einnig *mótlægt gagn* við *aðalgagn*
- Til stuðnings er vottorð úr þinglýsingarbók sem sýnir að faðirinn hefur sannanlega nýlega selt fasteign: *stoðgagn* fyrir *mótlægt gagn*
- Í þessu dæmi myndi því tilkynningarskylda til lögreglu væntanlega *ekki* virkjast þar sem ætla mætti hverfandi líkur á að um væri að tefla peningaþvætti

# Um tilkynningarskyldu

- Öðru máli hefði hins vegar gegnt ef viðskiptamaður hefði orðið uppvís að ósannsögli um mótlægt gagn eða það vísað til tengsla við skúffufyrirtæki í eigu óþekkts aðila
- 4) Ef viðskipti eða tilraunir um viðskipti teljast grunsamlegar eða háttsemi viðskiptamanna skal tafarlaust tilkynna það ábyrgðarmanni lífeyrissjóðs sbr. 2. mgr. 16. gr. LBR

# Um tilkynningarskyldu

- Það er sem fyrr greinir ábyrgðarmaður sérhvers lífeyrissjóðs sem framkvæmir matið um hvort tilkynna ber lögreglu
- Í sambandi við ákvörðun um tilkynningu um hugsanlegt peningabætti er *skýrslugerð* ábyrgðarmanns sbr. d. – liður 4. mgr. 16. gr. LBR
- Skýrslu á að gera vegna allra óvenjulegra og grunsamlegra færslna sem gerðar eru hjá viðskiptamanni
- Í slíkri skýrslu á m.a. að koma fram:
- Skrá yfir fyrirliggjandi gögn og upplýsingar
- Aðgerðir sem gripið var til, svo sem varðandi upplýsingaöflun og framkvæmd viðskipta
- Niðurstöður, þ.e. hvort tilvik eða viðskipti hafi verið eða muni tilkynnt lögreglu



# Um tilkynningarskyldu

- Nokkur atriði viðvirkjandi skýrslugerð
- Hlutlaus og gagnorð atvikalýsing
- Aðgengilegur texti og yfirleitt frekar styttri en lengri setningar (þó svo að ekki bitni á skýrleika atvikalýsinga)
- Leitast við að taka fyrst og fremst mið af því sem fram hefur komið í fyrirliggjandi gögnum um viðskipti og viðskiptamann
- Forðast eftir því sem unnt er persónulegar og huglægar ályktanir
- Hlutlægni auðveldar ávallt faglegt mat og vinnubrögð og þar með talið vandaða skýrslugerð

# Um tilkynningu

- Um tilkynningu ábyrgðarmanns til lögreglu
- Hvað á tilkynning að innihalda?
- Hvaðan er tilkynnt og við hvern má hafa samband (yfirleitt ábyrgðarmaður)
- Þau gögn sem fyrir liggja og tilkynning byggir á
- Innan hvaða frests tilkynningarskyldum aðila telst skylt að framkvæma viðskipti
- Stutt atvikalýsing og samantekt sem getur t.d. grundvallast á einhverjum útdrætti úr fyrrgreindri skýrslu hafi hún verið gerð fyrir sendingu tilkynningar

# Um hlutverk lögreglu

- Lögreglu ber að staðfesta móttöku tilkynningar skriflega
- Það er peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra sem annast móttöku (hér eftir lögregla)
- Móttaka – greining – miðlun
- Þrenns konar afdrif tilkynningar koma til álita..
- ...samkvæmt reglugerð um meðhöndlun tilkynninga um peningaþvætti nr. 626/2006:

# Um hlutverk lögreglu

- 1) Tilkynningu um viðskipti er eytt þar sem greining lögreglu leiðir í ljós að lögmætar skýringar liggja að baki tilviki
- 2) Tilkynning framsend SERSAK sem fer með rannsókn meintra brota gegn 264. gr. HGL
- 3) SERSAK tekur sjálfstæða og sérstaka ákvörðun um hvort hefja beri formlega rannsókn máls í merkingu 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008

# Um hlutverk lögreglu

- Lögregla hefur og heimild til að leggja fram beiðni um að tilkynnt viðskipti verði stöðvuð ef brýna nauðsyn ber til sbr. 19. gr. PPL
- Þarna er um að ræða heimild sem lögregla getur beitt í því skyni að afstýra beinni og bráðri hættu á að rannsóknarhagsmunir verði fyrir tjóni
- Lögregla verður tafarlaust að láta aflétta stöðvun viðskipta ef hún telur ekki lengur þörf þar á

# Um hlutverk lögreglu

- Ef grunur í merkingu 52. gr. SML telst fyrir hendi að mati SERSAK hefst eiginlega sakamálsrannsókn samkvæmt lögnum
- Málið er þar með formlega orðið sakamál í merkingu laga um meðferð sakamála
- Heimildir og reglur þeirra laga varðandi réttindi sakbornings, þvingunarráðstafanir og önnur rannsóknarúrræði þá grundvöllurinn

# Um rannsókn og meðferð máls hjá lögreglu

- Um úrræði sem lögreglu getur verið heimilt að beita að tilteknum skilyrðum uppfylltum
- Hefðbundin úrræði eins og skýrslutaka sakbornings, haldlagning eða kyrrsetning gagna
- Þá mögulega handtaka, húsleit eða gæsluvarðhald í alvarlegri tilvikum
- Að rannsókn lokinni tekin ákvörðun um saksókn
- Þá gilda ströng viðmið varðandi refsíabýrgð
- Almennt ekki ákært nema meiri líkur en minni teljist fyrir refsíabýrgði með tilliti til fyrirliggjandi rannsóknargagna

# Um mögulega refsíabyrgð starfsmanna

- Ákvæði 27. gr. PPL gilda um tilkynningarskylda aðilann sem slíkan samkvæmt orðalagi – ekki starfsmenn hans
- Svokölluð afleidd refsíabyrgð kann þó að koma til álita þannig að starfsmaður þyrfti að sæta refsíabyrgð eftir 27. gr. PPL
- Vitánlega að refsiskilyrðum uppfylltum



# Um mögulega ábyrgð regluvarða

- Sú háttsemi (athafnir eða athafnaleyssi) sem kann að baka lögaðila refsíábyrgð gæti verið:
- Vanræksla á áreiðanleikakönnun viðskiptamanns
- Vanræksla á upplýsinga- eða tilkynningaskyldu til lögreglu
- Aðrar skyldur sem eftir PPL hvíla á tilkynningarskyldum aðila
- Svo gæti 264. gr. HGL líka komið til álita ef tilvik væri svo alvarlegt að ábyrgðarmaður hefði vísvitandi tekið þvættað eða tekið þátt í því – að öðrum refsiskilyrðum uppfylltum

# Aðrar skyldur ábyrgðarmanns – hugvekja um lög og siðferði

- Almennt um lög og siðferði
- Hugmyndir sem við leiðum af lögum eða venjum um það hvað sé rétt eða röng breytni
- Mikilvægi þess að lög og siðferði séu samræmanleg og haldist þannig sem eining
- Hlutlægni og þagnarskylda sem dæmi um sérlega mikilvæg lagaleg og siðferðileg viðmið innan lögreglu og annarra opinberra stofnana
- Má þá minnast að ábyrgðar- og eftirlitsmönnum tilkynningarskyldra aðila er fengið ákveðið lögbundið hlutverk og skyldur

# Um siðferði

- Á viðskipta- og fjármálamarkaði í dag þekkjast gjafir og viðurgerningar af ýmsum toga
- Stórir viðskiptavinir vilja e.t.v. sýna þakklæti og velvild í garð tilkynningarskylds aðila eða einstaka starfsmanna þar
- Við getum ímyndað okkur boð í utanlandsferð eða kassa af rauðvíni
- Hvernig horfir slíkt við ábyrgðarmönnum tilkynningarskylds aðila sem ætluðum gjafþega?

# Um aðrar skyldur

- Ef við lítum til þeirra reglna sem gilda um hlutlægni og trúverðugleika lögreglu þá eru það 13. og 23. gr. LRL og 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996
- Þær reglur myndu almennt girða fyrir að lögreglu teldist heimilt að veita viðtöku gjöfum eða viðurgerningum utanaðkomandi
- T.d. rauðvínskassa eða DVD-spilara í setustofu lögreglustöðvar frá utanaðkomandi
- Ljóst að ofangreindar lagareglur taka formlega ekki til starfsmanna tilkynningarskyldra aðila

# Um aðrar skyldur

- Höfum þó vikið að því áður að tilkynningarskyldur aðili og ábyrgðar- og eftirlitsmenn hans...
- ...hafa tilteknu lögbundnu hlutverki að gegna samkvæmt PPL sem í vissum skilningi eða öðrum þræði má jafna til opinberrar stjórnýslu
- Í raun og veru ákveðið löggæsluhlutverk sem löggjafinn hefur falið þeim
- Siðferðilega hlýtur því sú spurning að vakna hvort ekki sé rétt að líta svo á að...
- ...sambærilegar reglur skuli gilda hvað varðar móttöku gjafa eða annarra viðurgerninga af hálfu ábyrgðarmanna tilkynningarskylds aðila

# Um aðrar skyldur

- Sama spurning gæti því vaknað í sambandi við aukastörf starfsmanna tilkynningarskylds aðila – ekki síst ábyrgðarmanns
- Til að mynda álitsgerðir eða einhvers konar markaðsúttekt ábyrgðar- eða eftirlitsmanns utan aðalstarfs fyrir t.d. viðskiptamann
- Þessu álitaefni tengist einnig þagnarskylda samkvæmt 20. gr. PPL
- Gildir beinlínis um starfsmenn tilkynningarskyldra aðila sem koma að eftirliti

# Um aðrar skyldur

- Þar er m.a. svo fyrir mælt að starfsmönnum sé skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili...
- ...fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar um meint peningabætti
- Skiptir ekki máli hvernig upplýsingar kunna að koma til vitundar utanaðkomandi
- Aðalatriðið að ábyrgðarmenn TA geri þær ráðstafanir sem þörf er á til að hindra það

# Um aðrar skyldur

- Ljóst að ábyrgðar- og eftirlitsmenn samkvæmt PPL hafa aðgang og vitneskju um mikilvægar persónu- og viðskiptaupplýsingar einstaklinga
- Ef aukastarf þeirra kemur til álita er spurning hversu miklar líkur má telja á því...
- ...að viðkomandi geti eða muni komast hjá að nýta þagnarskyldar upplýsingar úr aðalstarfi í því aukastarfi sem til boða stendur



# Um aðrar skyldur

- Ekki aðeins vegna hættu á að farið verði á svig við þagnarskyldureglu sem slíka...
- ...heldur þá um leið vegna þeirrar áhættu sem viðkomandi kann að taka á persónulegri ábyrgð
- Verður ávallt að vega og meta í hverju tilviki en..
- ..ef hugsanleg raunhæf hætta má teljast fyrir hendi að farið verði á svig við hlutlægni- eða þagnarskyldureglur...
- ...hlýtur það að vísa til þess að hafa megi efasemdir um að rétt og eðlilegt sé að taka við slíku aukastarfi

# Um þjálfun starfsmanna

- Tilkynningarskyldir aðilar skulu sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun
- Þjálfun bæði við upphaf starfs og á starfstíma
- Þjálfun lýtur aðallega að eftirfarandi þáttum:
- Að starfsmaður þekki skyldurnar skv. lögum
- Kunni skil á áreiðanleikakönnunum
- Þekki nýjustu aðferðir við þvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Þróun innan málaflokksins í víðum skilningi

# Um þjálfun starfsmanna

- Þessar þjálfunar- eða æfingaskyldur hlýtur að verða skýra til samræmis við eðli og umfang starfsemi TA
- Þar með tilliti til hættu og líkinda á þvætti á viðkomandi sviði yfirleitt sem og aðstöðu starfsmanna og ábyrgðarmanns til þess að afla sér þekkingar
- Umfang þjálfunar hlýtur að vera rétt að marka í eðlilegu hlutfalli við starfsskilyrði lífeyrissjóða samkvæmt PPL
- Hvað lífeyrissjóði varðar er þess að geta að í greinargerð með PPL er m.a. vísað til þess að FME sinni fræðsluhlutverki
- Vitanlega ekki bannað að sækja þekkingu eða námsskeið til annarra viðurkenndra stofnana eða staða

# Ársskýrsla til stjórnar

- Ábyrgðarmaður gerir árlega skýrslu til stjórnar lífeyrissjóðs
- Þar á m.a. að koma fram mat á því hvernig innri reglur og eftirlit samræmis löggjöf, tilmælum og leiðbeiningum FME
- Umfjöllun um hvernig brugðist hafi verið við tilkynningum og upplýsingum frá FME og öðrum stjórnvöldum
- Upplýsingar um fjölda tilkynninga til ábyrgðarmanns, athugun hans á þeim og hver margar sendar lögreglu
- Upplýsingar um þjálfun og fræðslu starfsmanna o.fl.

# Ábyrgðarmaður o.fl.

- Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að tilnefna ábyrgðarmann sbr. 22. gr. PPL og 18. gr. LBR
- Skylt er að tilkynna lögreglu um tilnefningu ábyrgðarmanns
- Hlutverk ábyrgðarmanns m.a. að annast tilkynningar til lögreglu og ákveða verkaskipti og skipulag vegna eftirlits og viðbragða í ljósi PPL og LBR
- Gera ráðstafanir til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við tilkynningar starfsmanna
- Hafa umsjón með fræðslu annarra starfsmanna o.fl. sem rakið er í þessum ákvæðum

# Um ábyrgðarmann o.fl.

- Það er ábyrgðarmaður sem skal annast eftirlit og tilsjón með því..
- ...að hinn tilkynningarskyldi aðili ræki þær skyldur sem honum er ætlað að gegna samkvæmt PPL og framangreindu
- Hann ber þannig stöðubundna ábyrgð um að t.d. eftirlit, þjálfun, áreiðanleikakannanir og viðbrögð vegna þvættis séu PPL samkvæmt

# Um ábyrgðarmann o.fl.

- Sem fyrr greinir skylt að tilkynna lögreglu um tilnefningu ábyrgðarmanns
- Þegar tilkynning berst lögreglu um að tiltekin viðskipti megi hugsanlega rekja til peningabættis á lögreglu þannig að vita hver ábyrgarmaður viðkomandi TA er
- Það er fyrst og fremst til að tryggja greiðar boðleiðir á milli lögreglu og tilkynningarskylds aðila og þannig öruggt upplýsingaflæði og samskipti

# Samantekt

- Lífeyrissjóðir sem fyrr segir tilkynningarskyldir sbr. 2. gr. PPL
- Ástæðan fyrir því gild og eðlileg eins og áður var rakið
- Má þó telja lífeyrissjóði í ákveðinni sérstöðu með tilliti til annarra tilkynningarskyldra aðila eða fjármálafyrirtækja
- Það helgast einkum af:
- Heimild til *einfaldaðra áreiðanleikakannana* og það hagræði og lögmæta verksparnað sem af því leiðir
- Almennt tiltölulega lágu *hættuþrepi eða líkindastigi* varðandi peningþvætti (a.m.k. að því talið er)
- Önnur *fjármálafyrirtæki* oft fyrirfarandi eftirlits- eða varðpóstur í sambandi við peningþvætti (forvarsla bankanna sem fyrsta viðtakanda eða greiðanda fjármagns)



# Lokaorð í sambandi við peningaþvætti almennt og yfirleitt

- Nú á dögum eiga ríki og fjármálamarkaðir í höggi við m.a. skipulagða brotastarfsemi og jafnvel alþjóðlega í þeim skilningi að landamæri skipta ekki máli fyrir framgang hennar og útbreiðslu
- Peningaþvætti er iðulega forsenda og jafnvel skilyrði tilvistar og viðgangs skipulagðrar brotastarfsemi
- Að baki peningaþvætti búa sem fyrr segir oft alvarleg afbrot þar sem grundvallarhagsmunum einstaklinga og samfélagsins er oft ógnað eða fórnað

# Lokaorð í sambandi við peningaþvætti almennt og yfirleitt

- Ljóst má því vera að ef vel tekst til við að koma í veg fyrir eða afhjúpa peningaþvætti...
- ...þá vísar það ekki eingöngu til árangurs í baráttunni gegn afbrotum heldur líka...
- ...virkrar verndar þess velferðar- og réttarríkis sem gildandi landslögum er ætlað að skapa
- *Lífeyrissjóðir* ákveðinn liður í þessu kerfi og markmiðum samkvæmt PPL og LBR en:
- Skyldur þeirra og umsvif mörkuð ákveðinni sérstöðu vegna eðlis og umhverfis starfseminnar og ákvæða PPL

# Umræður og fyrirspurnir

- Ef af tímanum leyfir
- Annars þakkir fyrir þátttöku

# Helstu heimildir

- Auglend o.fl.: Politirett. Oslo 2004. Gyldendahl.
- Alþingistíðindi
- Eiríkur Tómasson: Sakamálaréttarfar. Reykjavík 2012.
- Ib Henricson: Politiret. Kaupmannahöfn 2012.
- Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsíbyrgð I-III. Háskólaútgáfan. Reykjavík 1999-2002.
- Lagasafn Íslands.
- Logi Kjartansson. Lögregluréttur. Handrit 2014.
- Páll Hreinsson: Hæfisreglur stjórnarsýslulaga.2005.
- Páll Hreinsson: Stjórnarsýsluréttur. Reykjavík 2013.
- Sara L.: Forsikring og pension - i lyset af hvidvask. DK 2012.
- Leiðbeiningarreglur birtar á heimasíðu LL 2013 (LBR)